

FORSÆTISNEFND 15. nóvember 2019: Tillaga forseta borgarstjórnar um aðstöðu vegna athafna á borð við hjónavígslur - R19110094

Lagt er til að fundið verði rými í Ráðhúsinu sem almenningur geti leigt út fyrir athafnir á borð við hjónavígslur. Viðburðarstjóra Ráðhússins er falið að semja reglur um útleigu og verðskrá vegna hennar.

Greinargerð:

Rík hefð er fyrir því í öðrum löndum á borgaralegar athafnir, á borð við hjónavígslur og nafngiftir, fari fram í ráðhúsum borga, þá jafnvel þannig að starfsfólk sveitarfélagsins eða í einhverjum tilfellum bæjarstjórar gefi saman brúðhjón. Hér á landi er lagaumgjörðin önnur en engu að síður er að mati tillöguflytjenda eftirspurn eftir hátíðlegu rými í Reykjavík sem hefur skírskotun í borgaraleg, veraldleg og lýðræðisleg gildi þar sem þau sem það kjósa geti varðað mikilvæga áfanga í lífinu í umhverfi sem ekki er tengt einstaka trú- eða lífsskoðunarfélagi.

Ein hugmynd um slíkt rými er salurinn sem snýr að Reykjavíkurtjörn og hefur í gegnum tíðina hýst kaffihús og upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Slíkt rými gæti til dæmis nýst þeim sem vilja gefa sig saman hjá sýslumönnum eða hjá trú- og lífsskoðunarfélögum sem ekki búa yfir sérstöku húsnæði. Í upphafi væri hægt að gera með tilraun um einn dag í viku og auka við ef áhuginn reynist mikill.